

50. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn á Biskupsstofu fimmtudaginn 17. desember 2009 kl. 12:15.

Mætt voru: Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

-Kristján var í símasambandi frá Vestmannaeyjum-

Hólmfríður setti fund í fjarveru formanns.

1. Fundargerðir síðasta fundar. Samþykkt.

2. Fjármál.

Ekki hefur enn verið gengið frá úthlutun vegna 2010, úthlutunarfundi Kirkjuráðs í desember var frestað vegna veikinda fjármálastjóra. Stefnt að fundi í lok janúar og þá fundi í stjórn Skálholts í framhaldi af honum. Frekari áætlunargerð bíður þess tíma. Ljóst er að framlög til Skálholts munu lækka nokkuð. Rætt um aðgerðir til að mæta þeim niðurskurði. Þegar hefur fastráðnu fólki verið fækkað og reynt að draga úr allri yfirvinnu.

3. Þjónustuhús.

Í athugun hefur verið að koma upp einhverri aðstöðu á hlaðinu í Skálholti, einhverskonar móttöku- og upplýsingaaðstöðu. Þetta yrði bráðabyrgðar húsnæði þar til fyrirhuguð viðbygging við Skálholtsskóla kemst í framkvæmd. Húsið gæti þá síðar nýst sem viðbótar gistaðstaða á staðnum, t.d. við Skálholtsbúðirnar. Ístak hefur boðið staðnum 120 m² hús til kaups, sem sýnilega þarfnast einhversrar lagfæringar. Þá hefur óformlega verið leitað til smíðs í sveitinni um kostnað við að smíða nýtt, sambærilegt hús. Við fyrstu sýn virðist það vænni kostur. Stjórn Skálholts samþykkir að heimamenn vinni frekar að þessari áætlun og að leitað verði eftir formlegu tilboði frá smiðnum.

Fyrir liggur tilboð í 100 m² frá SG á Selfossi, sem gert var s.l. vor. Ákveðið að biðja um nýtt tilboð frá þeim.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.12:15

Hólmfríður Ingólfssdóttir